

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
<b>16. des. 2016</b>	
Tilv. _____	

Alur, álvinnsla ehf.  
Klafastaðavegur 4  
301 Akranes



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 15. desember 2016  
UST201611-035/S.P.  
08.07.02

### Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf, dags. 24. nóvember 2016, þar sem stofnunin áformaði að áminna Al, álvinnslu ehf., vegna fráviks frá starfsleyfi fyrirtækisins í Helguvík. Forsvarsmönnum Als var veittur frestur til 8. desember 2016 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

#### Frávikið er eftirfarandi:

1. Frávik frá grein 1.5 í starfsleyfi. Áætlun um rekstarstöðvun hefur ekki verið endurskoðuð líkt og kallað var eftir því í síðasta eftirliti.

**Umhverfisstofnun hefur ekki borist staðfesting á úrbótum frá rekstraraðila. Umhverfisstofnun veitir því Ali, álvinnslu ehf. áminningu, sbr. 26. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, fyrir ofangreint frávik. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til að senda inn staðfestingu á úrbótum til og með 5. janúar 2017.**

Sinni rekstraraðili ekki tilmælum Umhverfisstofnunar innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að upphæð 500.000 kr á dag þar til úr er bætt, sbr. 27. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þær aðgerðir yrðu þó áformaðar sérstaklega og boðið upp á andmælafrest.


Umhverfisstofnun bendir á að skv. 31. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Skal kærán borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. gr. laganna. Aðsetur nefndarinnar er að Skuggasundi 3, 101 Reykjavík.


Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni ofangreinds fráviks, sbr. bréf dagsett 24. nóvember 2016 og 15. desember 2016, verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 og er 52.800 kr.

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa samband við Svövu Pétursdóttur í síma 591-2000 eða með tölvupósti á [svava.petursdottir@ust.is](mailto:svava.petursdottir@ust.is).

Gögnum og staðfestingu á úrbótum skal skila til Umhverfisstofnunar eða í tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is).

Virðingarfyllst

  
Sigrún Agústsdóttir  
sviðsstjóri

  
Svava Pétursdóttir  
lögfræðingur